

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: **Iðnaðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Iðnaðarráðuneyti**
Dagsetning: **18.10.2006**
Málsnúmer: **IVR06030028**
Bréfalykill: **24.140**

Efni: **Undirbúningur að útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu olíu við Ísland.**

Vorið 2005 ákvað ríkisstjórnin að ráðist yrði í undirbúning að útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu olíu (kolvetnis) á íslensku yfirráðasvæði. Markmiðið er að undirbúningur verði það langt kominn að vorið 2007 verði hægt að ákveða hvort hefji eigi leyfisveitingaferli fyrir útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu olíu á Jan Mayen-hryggnum.

Staða undirbúnings

Nefnd 8 ráðuneytisstjóra stýrir undirbúningsvinnu og hefur sér til aðstoðar þrjá vinnuhópa sem í sitja sérfræðingar frá viðkomandi ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Sú vinna sem þar er í gangi er tvíþætt:

1. Verið er að skoða **lagaumhverfið** héraendis með hliðsjón af leit, rannsóknum og vinnslu olíu til að tryggja að fullnægjandi lagaumhverfi sé til staðar, þannig að hægt sé að taka ákvörðun um að fara í leyfisveitingarferli með tiltölulega stuttum fyrirvara. Markmiðið með þeirri vinnu er einnig að tryggja að stjórnvöldum og olíuleitarfyrirtækjum sé ljóst hvaða lög og reglur gildi héraendis og hvaða réttindi og skyldur aðilar hafa. Frumvarp til breytingar á kolvetnislögnum verður lagt fyrir Alþingi í haust, en einnig þarf m.a. að skoða skatta-, umhverfis- og vinnuverndarmál.

2. Verið er að skoða sérstaklega **náttúrufar og veðurfar á Jan Mayen-hryggnum** og gera áætlun um hugsanlega olíuleit þar til að hægt sé að taka ákvörðun um hvort farið verði í leyfisveitingarferli fyrir útgáfu sérleyfa til rannsókna og vinnslu olíu á því svæði. Í samræmi við nýsamþykkt lög um umhverfismat áætlana þarf einnig að vinna **skýrslu um umhverfismat áætlunarinnar um olíuleit á Jan Mayen-hryggnum**. Sú vinna er á byrjunarstigi, en gert er ráð fyrir að drög að skýrslunni verði tilbúin til kynningar í janúar 2007 og að lokaskýrsla liggja fyrir í lok mars 2007 (sjá fylgiskjal 1).

Kostnaður árið 2006

Á fjárlögum 2006 var veitt 30 milljónum kr. vegna undirbúnings olíuleitar á Jan Mayen-hryggnum. Nú þegar er búið að gera gera fjóra samninga vegna gagnaöflunar um veður- og náttúrufar á svæðinu og er heildarupphæð þeirra samninga 23 milljónir kr. Þar af fær Umhverfisstofnun 9 milljónir kr., Hafrannsóknastofnun 7,5 milljónir kr., Veðurstofa Íslands 5 milljónir kr. og Náttúrufræðistofnun Íslands 1,5 milljón kr. Þá fara 3 milljónir kr. til umhverfisráðuneytis og 4 milljónir kr. til iðnaðarráðuneytis vegna kaupa á ráðgjöf, m.a. vegna fyrrnefndrar skýrslu um umhverfismat og lögbundinnar kynningar á henni.

Kostnaður árið 2007

Ef ákveðið verður að hefja leyfisveitingarferli fyrir úthlutun sérleyfa til rannsókna og vinnslu olíu á Jan Mayen-hryggnum þá tekur við frekari vinna, því gert er ráð fyrir leyfisveitingaferlið taki a.m.k. 1-2 ár. Það þýðir að líklega yrði í fyrsta lagi hægt að veita leyfi í lok ársins 2008 eða í ársbyrjun 2009.

Orkustofnun áætlar að stofnunin þurfi 24 milljónir kr. til að sinna verkefnum tengdum undirbúningi olíuleitar árið 2007 ef ákveðið verður að hefja leyfisveitingaferlið. Þar er um að ræða 12 milljónir kr. vegna vinnulauna og 12 milljónir kr. vegna aðkeyptra rannsókna, þjónustu og ráðgjafar.

Fylgiskjal: Framvinduáætlun vegna undirbúnings olíuleitar á Jan Mayen-hryggnum.

Fylgiskjal 1.

Framvinduáætlun vegna undirbúnings olíuleitar á Jan Mayen-hryggnum.

- 2005** Ákvörðun ríkisstjórnar um að ráðist verði í undirbúning að útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu olíu (kolvetnis) á íslensku yfirráðasvæði.
- 2006**
7. mars Ríkisstjórnin samþykkir að stofna nefnd ráðuneytisstjóra um olíuleitarmál.
7. apríl 1. fundur í nefnd ráðuneytisstjóra - stofnun þriggja vinnuhópa.
15. september 2. fundur í nefnd ráðuneytisstjóra: Farið yfir stöðu undirbúnings.
- Október **Lagafrumvörp lögð fram.** Drög að rannsóknar- og vinnsluleyfi (model license) tilbúin, endurskoðuð síðar í samráði við ráðgjafa og fullkláruð 2007.
- Okt./nóv. Samráð við hagsmunaaðila og erlenda ráðgjafa (UMH kynnrir fyrir erlendum ríkjum). Viðræður við Norðmenn um framkvæmd ákvæða Jan Mayen-samkomulagsins um hið afmarkaða landgrunnsvæði milli Íslands og Jan Mayen.
- 2007**
1. janúar **Tæknilegar skýrslur um náttúrufar á Jan Mayen-hryggnum tilbúnar.**
27. janúar 3. fundur í nefnd ráðuneytisstjóra: Drög að skýrslu um umhverfismat áætlunarinnar kynnt.
31. janúar **Drög að lokaskýrslu** um umhverfismat áætlana og undirbúning vegna hugsanlegrar olíuleitar og vinnslu á Jan Mayen-hryggnum tilbúin og 6 vikna kynningarferli hefst.
14. mars Kynningarferli lýkur.
30. mars 4. fundur í nefnd ráðuneytisstjóra: Fjallað um lokaútgáfu skýrslu um umhverfismat.
31. mars **Lokaskýrsla um umhverfismat áætlunarinnar og viðbrögð við athugasemdum.** Metið hvort allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir/frekari öflun upplýsinga.
- Apríl **Lög/breytingar á lögum samþykkt.**
- Apríl Ákvörðun um hvort hefja eigi leyfisveitingaferli.
- Leyfisveitingaferlið 2007-2009:**
- 3 mánuðir Ráðgjöf frá erlendum sérfræðingum og hagsmunaaðilum um fyrirkomulag olíumála og leyfisveitinga.
- 3 mánuðir Olíufyrirtækjum kynnt áform um veitingu leyfa og þeim gefinn kostur á að tilnefna svæði sem þau telja að veita eigi rannsóknar- og vinnsluleyfi á (nomination round).
- 1 mánuður Afmörkun svæða sem bjóða á rannsóknar- og vinnsluleyfi á.
- 2-3 mánuðir Auglýsing um útboð í Stjórnartíðindum ESB (15-45 daga bið eftir birtingu). Auglýsing um útboð héraðs og erlendis. Alþjóðleg ráðstefna um olíuleit á Jan Mayen-hryggnum (og undirbúningur fyrir ráðstefnu).
- 3 mánuðir **Auglýst eftir umsóknum um leyfi (tekið á mótí umsóknum í a.m.k. 90 daga).**
- 2-3 mánuðir Umsóknir metnar og samningaviðræður við umsækjendur.
- 2008-2009** Rannsóknar- og vinnsluleyfi veitt seinni hluta 2008/fyrri hluta 2009.
- 2009** Rannsóknir hefjast sumarið 2009 (og geta tekið nokkur ár).
Ef olía finnst þá má gera ráð fyrir að það líði a.m.k. 5 ár þangað til vinnsla geti hafist.

Staða hafréttarverkefnisins í árslok 2006 og fjárförf iðnaðarráðuneytsins vegna framhalds verkefnisins árin 2007 - 2009

1. Ríkisstjórnin samþykkti í ágúst 2001 verkefnaáætlun um undirbúning greinargerðar til Landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Markmið áætlunarinnar, sem tekur til áráanna 2001-2006, er að afla upplýsinga um íslenska landgrunnið utan 200 sjómílna og undirbúa greinargerð til Landgrunnsnefndarinnar í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins. Helstu verkefnið eru að afla nýrra gagna um landgrunnið með mælingum, staðsetja ytri mörk þess á grundvelli mælinganna og semja greinargerð. Áætlunin kvað á um að gerðar yrðu mælingar á þeim þremur landgrunns svæðum utan 200 sjómílna sem Ísland gerir tilkall til: Reykjanes hrygg, Hatton-Rockall svæðinu og Síldarsmugunni. Miðað var við að greinargerð um Reykjanes hrygg yrði lögð fyrir Landgrunnsnefndina árið 2005 en greinargerðir um Síldarsmuguna og Hatton-Rockall svæðið, sem önnur ríki gera einnig tilkall til, síðar. Heildarkostnaður við verkefnið var áætlaður um 700 m.kr. Þar af var áætlað að verja u.þ.b. 650 m.kr. til tæknilegs og vísindalegs undirbúnings á vegum Orkustofnunar. Utanríkisráðherra skipaði 3. apríl 2002 starfshóp til að vinna að undirbúningi greinargerðar til Landgrunnsnefndarinnar og hefur hann leitt það starf og haft yfirumsjón með framkvæmd áætlunarinnar. Iðnaðarráðuneytið fól jafnframt Orkustofnun að annast hinn tæknilega og jarðvísindalega undirbúning greinargerðarinnar. Stofnunin hefur fengið verktaka til að annast einstaka verkþætti, þ.m.t. Hafrannsóknastofnunina og Íslenskar orkurannsóknir.

2. Áætluninni fyrir 2001-2006 er nú að ljúka og er árangurinn af starfinu er í stuttu máli sem hér segir:

- a) Aflað hefur verið gagna um landgrunnið með mælingum á um 1.350.000 ferkílómetra svæði. Aðallega hafa verið gerðar fjölgeisladyptarmælingar á hafsbotninum en hljóð-endurvarpsmælingar og bylgjubrotsmælingar á jarðlögum undir hafsbotni hafa einnig verið gerðar. Farnir voru 11 skipaleiðangrar og mælt eftir línunum sem samtals eru um 37.000 km að lengd.
- b) Ytri mörk landgrunnsins hafa verið staðsett á grundvelli þessara gagna í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins.
- c) Gerð hafa verið drög að tæknilegum hluta greinargerðanna fyrir Reykjanes hrygg og Síldarsmuguna og byggt upp umfangsmikið safn tæknilegra fylgiskjala með greinargerðunum.
- d) Náðst hefur samkomulag um skiptingu landgrunnsins í Síldarsmugunni milli Íslands, Færeyja og Noregs. Samkomulagið var m.a. byggt á gögnum um Síldarsmuguna sem aflað var samkvæmt áætluninni.
- e) Áfram hefur þokast í fjórhlíða viðræðum Íslands, Danmerkur/Færeyja, Bretlands og Írlands um Hatton Rockall-svæðið. Haldinn hefur verið fjöldi viðræðufunda. Málsaðilar hafa skipst á gögnum um svæðið og unnið að gerð sameiginlegs gagnagrunns yfir mæligögn. Jafnframt hefur verið unnið að því að staðsetja ytri mörkin og hefur þegar náðst viss árangur á því sviði. Íslenska viðræðunefndin hefur einnig þróað og kynnt aðferð sem gæti nýst við skiptingu svæðisins.

3. Áætlunin frá 2001 hefur staðist í meginatriðum og verða eftirstöðvar af verkefnisfé í árslok 2006 um 12,6 m.kr. Nokkur frávik hafa þó orðið á verkefnaáætluninni vegna breyttra forsendna. Helstu frávikin eru:

a) Mælingar á landgrunninu gengu vel og stóðust áætlanir. Úrvinnsla gagna frá verktökum við mælingar hefur hins vegar reynst flóknari en gert var ráð fyrir í upphafi og hefur það kostað bæði tíma og fé. Sama á við um túlkun gagnanna og frágang á tæknilegum fylgiskjölum og hefur það leitt til þess að sú vinna hefur dregist lengur fram eftir árinu 2006 en til stóð. Af þessari ástæðu verður vinnu að texta greinargerðarinnar og endanlegum frágangi á fylgiskjölum með henni ekki að fullu lokið í árslok 2006.

b) Greinargerðin um Reykjaneshrygg verður mjög langt komin á árslok 2006. Hún verður þó ekki fullfrágengin og liggja tvær meginástæður til þess. Í fyrsta lagi hefur komið í ljós að landgrunnskröfur frá Reykjaneshrygg og frá Hatton-Rockallsvæðinu munu skarast og er því líklegt er að í fyrstu verði einungis lögð fram greinargerð um hluta hryggjarins. Það mun kalla á frekari vinnu þar sem undirbúningur greinargerðarinnar miðaðist lengst af við hrygginn í heild. Þar að auki hefur verið talið rétt að bíða með greinargerð um Reykjaneshrygginn og sjá hvernig greinargerðum annarra þjóða reiðir af hjá Landgrunnsnefndinni m.a. vegna óvissu um túlkun nefndarinnar á ákvæðum hafréttarsamningsins um hryggi.

c) Viðræðurnar um Hatton-Rockall svæðið hafa reynst umfangsmeiri en gert var ráð fyrir. Þetta hefur kostað viðbótarvinnu og er greinargerðin um þetta svæði er því skemmra á veg komin en til stóð. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að ekki virðist skynsamlegt að leggja vinnu í að fullvinna sjálfstæða íslenska greinargerð um svæðið á þessu stigi málsins. Ef málsaðilar ná samkomulagi um skiptingu svæðisins munu þeir sennilega ganga frá sameiginlegri greinargerð um svæðið eða fjórum samstilltum greinargerðum. Efni úr sjálfstæðri íslenskri greinargerð mun ekki nýtast nema að hluta ef þetta verður niðurstaðan.

d) Viðræðurnar um Síldarsmuguna gengu vel og mun samkomulagið styrkja stöðu Íslands í þeirri vinnu sem framundan er við að tryggja sem víðtækust landgrunnsréttindi, ekki hvað síst á Hatton-Rockall svæðinu. Samkomulaginu fylgir þó sú skuldbinding að skila verður greinargerð um Síldarsmuguna árið 2008 eða nokkru fyrr en áður hafði verið gert ráð fyrir og kallar það á frekari vinnu og kostnað.

4. Þótt þessum áfanga sé nú að ljúka, er ljóst að vinnan við að tryggja landgrunnsréttindi Íslands mun halda áfram á vegum utanríkisráðuneytisins og að áfram verður þörf fyrir tæknilegan stuðning iðnaðarráðuneytisins og Orkustofnunar við það starf. Þar er fyrst og fremst um að ræða endanlegan frágang á greinargerðum um landgrunnið, málarekstur fyrir Landgrunnsnefndinni og áframhaldandi viðræður um Hatton-Rockall málið. Verið er að vinna að áætlun um þetta starf og er stefnt að því að leggja hana fyrir ríkistjórn. Á næsta ári þarf að vinna að frágangi greinargerða um vesturhluta Reykjaneshryggjar og Síldarsmuguna, styðja við áframhaldandi viðræður um skiptingu landgrunns á Hatton-Rockall svæðinu og fylgjast með málsmeðferð greinargerða annara ríkja fyrir Landgrunnsnefndinni og hvernig þeim reiðir af. Til þess að samfella tapist ekki í þessum verkum á árinu 2007 er mikilvægt að tryggja um 27,3 m.kr. til þess þáttar sem fellur undir iðnaðarráðuneytið eða 14,7 m.kr. umfram eftirstöðvar af verkefnisfé áætlunarinnar fyrir 2001-2006. Fyrir hvort áranna 2008 og 2009 er fjárþörfin 32 m.kr.

Viðtakandi:

***Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Kristján Skarphéðinsson, Hreinn Hrafnkelsson***

Sendandi:

Kristinn Einarsson

17. október 2006
Ref:2003010064

Verknúmer:

Efni: Minnisblað um umfang olíuleitarmála og um aðkomu Orkustofnunar

Orkustofnun hefur með höndum eftirlit og upplýsingasöfnun skv. nógildandi lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolefnis. Engin föst fjárveiting hefur fylgt þessu hlutverki fram að þessu, heldur hefur því verið sinnt meðfram öðrum verkefnum á sviði landgrunns- og hafréttarmála, sem sérstakar fjárveitingar hafa staðið undir. Meginþunginn af vinnu að þessum verkefnum hefur verið á Rannsóknasviði Orkustofnunar og síðar stjórnsýsluhlutinn á vegum Orkustofnunar og rannsóknahlutinn hjá Íslenskum orkurannsóknnum.

Verkbættir og kostnaður árið 2006

Á fjárlögum 2006 var veitt 30 m. kr. til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis vegna undirbúnings olíuleitar á Jan Mayen-hryggnum. Til samninga vegna gagnaöflunar um náttúrufar og umhverfismál er varið 23 m.kr., þar af renna 9 m.kr. til Umhverfisstofnunar, 7,5 m.kr. til Hafrannsóknastofnunarinnar, 5 m.kr. til Veðurstofu Íslands og 1,5 m.kr. til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Eftirstöðvar skiptast þannig að 3 m.kr. fara til ráðgjafar hjá umhverfisráðuneyti og 4 m.kr. hjá iðnaðarráðuneyti. Ekkert af þessu fé rennur til Orkustofnunar né til Íslenskra orkurannsókna. Féð nýtist til að undirbúa skýrslu, sem jafnframt fullnægir skilyrðum laga um umhverfismat áætlana. Orkustofnun hefur lagt iðnaðarráðuneytinu lið í þessum undirbúningi á árinu 2006 og tekið til þess starfsmenn tímabundið úr öðrum nauðsynlegum verkum. Útgjöld í því sambandi á árinu 2006 áætlast a.m.k. 3 m.kr.

Verkbættir og kostnaður árið 2007

Vegna fjárlaga ársins 2007 lagði Orkustofnun fram beiðni um fjárveitingu að upphæð 24 m.kr. vegna umsýslu um olíuleitarmál. Sú upphæð sundurliðast í 12 m.kr. vegna vinnulauna og 12 m.kr. vegna aðkeyþra rannsókna og þjónustu. *Í fyrsta lagi* er þá áætlað að það sé nauðsynlegt að Orkustofnun leggi iðnaðarráðuneytinu áfram lið við frágang og kynningu á skýrslu vegna undirbúnings olíuleitar á Jan Mayen-svæðinu. *Í öðru lagi* mun í kjölfar þess áfanga aukast áhugi og fyrirspurnir og þar með álag á Orkustofnun við upplýsingamiðlun um olíuleitarmál, t.d. þarf að þróa og bæta upplýsingavef fyrir olíuleitarfyrirtæki. *Í þriðja lag* i má gera ráð fyrir kostnaði við frekari vinnu við undirbúning leyfisveitingarferlis, en líklega yrði í fyrsta lagi hægt að veita leyfi í lok ársins 2008 eða í ársbyrjun 2009. Fram að þessu hafa rannsóknafyrirtæki sem þegar hafa lagt fé í rannsóknir á Jan Mayen-hryggnum átt erfitt með að selja gögn sín. Það verður þeim væntanlega auðveldara í kjölfar ákvarðana um framhald leyfisveitingaferlisins, en jafnframt eykst áhugi þeirra á að afla frekari gagna. Það er einnig æskilegt að sínu leyti fyrir íslensk stjórnvöld að fá frekari gögn um þau afmörkuðu svæði sem virðast áhugaverðust, t.d. með því að leggja fé á móti öðrum rannsóknaraðilum í mælingaleiðangra, þannig að afmarka megi álitleg svæði til úthlutunar á rannsóknarleyfum. *Í fjórða lagi* þarf stofnunin að efla þekkingu sína og færni á sviði olíuleitarmála eftir því sem kröfur til hennar aukast á þeim vettvangi. *Í fimmta lagi* þarf að kalla eftir stafrænum gögnum í vörslu Norðmanna um Jan Mayen-hrygginn og gera þau stofnuninni aðgengileg vegna leyfisútboða, væntanlega með aðstoð Íslenskra orkurannsókna. Sömuleiðis þarf að sinna betur öðrum gagnageymslu og -úrvinnslumálum í tengslum við fyrirliggjandi gögn frá Drekasvæðinu. Það er því mat Orkustofnunar að stofnunina vanti framangreint fé á árinu 2007 til að geta gegnt hlutverki sínu í yfirstandandi ferli á sviði olíuleitarmála, sem tryggi um leið að engar ónauðsynlegar tafir verði á framgangi þeirra.

Kostnaðaráætlun vegna byggðaáætlunar 2006-2009 - uppfærð 12. september 2006

Kostnaðarliðir kostnaður í m.kr.	2005	2006/mótframlag	2007	2008	2009	Alls (án mótframlaga)
Vaxtasamningar:						
- Eyjafjörður		30 / 30	30	10		70
- Vestfirðir		20 / 18,1	20	20	10	70
- Suðurland		10	20	20	10	60
- Austurland		10	20	20	10	60
- V-land		10	20	20	10	60
- NV-land		10	20	20	10	60 [/380]
Impra Akureyri:		90 12,5	90	90	90	360 [/360]
Samstarf við önnur ráðuneyti:						[/520]
menntamálaráðuneyti						
- Háskólaásetur Vestfjarða		18 / 18	18	18	18	72
- Þekkingarnet Austurlands		18 / 18	18	18	18	72
sjávarútvegsráðuneyti:		28,2 / 33,3	31,8	30	30	120
- Þróunarsetur Hólaskóla		(2 / 4)				
- sjókvíaelði á Ísafj.		(5 / 5)				
- veiðafærarannsóknir á Ísafj.		(5,4 / 5,5)				
- þróun á próteinframleiðslu		(4,8 / 4,8)				
- ranns. á áli og humri (Höfn)		(7 / 10)				
- menntun millistjórnenda í fiskiðn.		(4 / 4)				
samgönguráðuneyti:						
- samstarf í ferðamálum (tillögur í mótun)		20 / 20	20	20	20	80
verkefni á fagsviðum annarra ráðuneyta		45 / 45				176
NORA		5	5	5	5	20 [/20]
NPP		40	40	40	40	160 [/160]
Samtals:						1440

Endurgreiðslur

	Fjárhæð
Greitt á árinu 2001	13.144.782
No such thing	
Shackleton	
Greitt á árinu 2002	75.397.213
Reykjavík í öðru ljósi	
Mávahlátu	
James Bond	
Regína	
Virus in Paradise	
Tomb Raider	
Greitt á árinu 2003	32.166.963
Nói Albinói	
Fálkar	
It's worth living	
Atlantic Jihad	
Vikings	
Greitt á árinu 2004	94.269.660
Hafið	
Viltu læra íslensku	
Kaldaljós	
Næsland	
Batman	
Guy X	
Njálssaga	
Greitt á árinu 2005	307.080.487
Amazing Race	
Bjólfskviða	
Allir litir hafsins eru kaldir	
The Girl in the Café	
Ísland í öðru ljósi	
Í takt við tímann	
The impossibility of filming Róska	
Latibær	
Strákarnir okkar	
Greitt á árinu 2006	124.856.323
Africa United	
Last winter	
Flags of our Fathers	
Stardust	

Vilyrði - ógreidd

Veitt á árinu 2002	2.530.948
Tíu Laxnessmyndir	
Uppteiknað, sungið, sagt og téð	
Stormy wether	
Veitt á árinu 2003	13.672.859
Dís	
Naflostrengur	
Máttur viljans	
Veitt á árinu 2004	44.012.088
Anna og skapsvefflurnar	
Reykjavíkurnætur	
A little trip to heaven	
Veitt á árinu 2005	10.004.286
Fare lonely as rhinoceros / LOVE	
Roðlaust og beinlaust	
Galdrabókin	
Ekkert mál fyrir Jón Pál	
Dieter Roth	
Tek hatt minn og staf	
Veitt á árinu 2006	231.967.747
Köld slóð	
The Good Heart	
Latibær II	
Mýrin	
The Journey Home	
Astrópía	
Íslensk fjölskylda	
)(Sigur Rós	
Dugguholufókið	
Af holdi og blóði	
Stóra Planið	

BYGGÐAÁÆTLUN 2002-2005: Samstarfsverkefni með öðrum ráðuneytum - framlög til sameiginlegra verkefna í mkr.

	2003	2004	2005
Menntamálaráðuneyti:			
	mm.rn. + ivr	mm.rn. + ivr	mm.rn. + ivr
Háskólanámssetur á Egilsstöðum	16	16	16
Þekkingarsetur á Húsavík	5	5	5
Háskólanámssetur á Ísafirði	10	6	40
Efling símenntunarmiðstöðva - allt landið	10	10	10
Efling kjarnaskóla og framhaldsskóla	8	8	8
Þróun dreifmenntunar á Vestfjörðum	15	12	15
Þróun framhaldsskóla á Snæfellsnesi	13	13	5
Fjarkennsla á háskólastigi	10	3,5	3,5
Skráning og miðlun í menningarstofnunum - víða	11	11	11
Þróun forvarnarstarfs á Laugum í Sælingadal		5	5
Þróun dreifmenntunar grunnskóla [Saurbæjarhreppur]			1,5
Samgönguráðuneyti - ferðaþjónusta:			
	sam + ivr	sam + ivr	sam + ivr
Hlunnindabúskapur á sunnanverðum Vestfjörðum	7		
Veiðar og vinnsla við Djúp	3		
Gísla saga Súrssonar	2		
Vefur til markaðssetn. ferðaþjónustu á Vestfjörðum	1		
Vottun umhverfisvænnar ferðaþjónustu á Snæfellsnesi	6		
Snorrastofa í Reykholti	3,5	3	3
Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna - allt landið		15	15,5
Menningarvefur ísl. ferðaþjónustu		3,5	3,5
Vestfirðir á miðöldum - Vatnsfjörður		2	2
Hólar - uppbygging Green Globe vottunarkerfis		3	3
Sögusetrið Hvolsvelli - Víkingagarðurinn Ormsvelli		3	
Markaðsskrifstofa Norðurlands		3	3
Gestastofa í Jökulsárgljúfrum		4	
Þróunarverkefni í Sauðaneshúsi		1,5	
Menningarsamningur - Austurland			5
Menningarsamningur - Vesturland			5

Umhverfissráðuneyti:

Innleiðing Staðardagskrár 21 í fámennum sveitarfélögum

umhv + ivr
8

Félagsmálaráðuneyti:

Uppbygging landupplýsingaerfa sveitarfélaga
Uppbygging upplýsingakerfa fyrir þjónustu við fatlaða

fél + ivr
8

Sjávarútvegsráðuneyti:

Þorskeldi í sjókvíum - á Vestfjörðum
Veiðafærarannsóknir - Hafró á Ísafirði

sjvr + ivr

umhv + ivr
8

umhv + ivr
8

fél + ivr
8

fél+ ivr
8
8

sjvr + ivr

sjvr + ivr
10
10